

manna. Lyndisfar og aðalseigin er myndað eða bygt upp af smekku og tilfinningum. Í þeim tilgangi að gera persónur eða hópa manna jafna, þyrfti að breyta lyndisfarinu eða aðalseiginu, það leiðir af sjálfu sér. En að breyta þessu, er sama sem að umbreyta manningum, gjöra manninn eitthvað annað en sjálfan hann, það mundi að engu gera alt það, sem lífið hefir gjört til að mynda hann, og myndi skapa ólíkan persónuleika eða mann.

Af þessum ástæðum er það örðugt fyrir nokkurn, að hafa smekk eða löngun eftir hvaða himni sem er, sem predikaður er, eða getur orðið af annari persónu eða manni; það verður alls-endis ómögulegt, að hugsa sér eða skilja jafnan eða breytingarlausan himinn, sem þá ekki útheimti breyting á aðalseigininu.

Böl gjörir ekkert víti, ekki heldur gleði himinn. Hinir syndugustu eru ekki hinir aumustu eða voluðustu. Hinir göfugustu hafa stærst grip fyrir sorgina, eru næmastir fyrir henni, og rúma hana mesta, og hinir verstu eða lægstu verða svo samdauna eða í samkomulagi við ástand sitt, að það verður þeim þóknarlegra og skemtilegra en það ástand, sem öðrum skapar paradís. Sem dæmi þess má tilfæra, sem flestum mun kunnugt eða liggja í augum uppi, að móðir drykkjura-filsins líður meira en hennar auðnulausa úrkyjaða afsprengi. Áframhald og eftirlátsemi við synd deyðir hæfileikann fyrir að líða, eins og líka hæfileikanu til þess að hryggjast (bæði deyðir, kælir og rekur burt sorg og yðrun). Af þessari ástæðu er það, að hverskyns himinn, þar sem góðir menn einir dveldu eða skipuðu, hann blyti með tímanum að hafa að geyma súrari pínu og líðanir, heldur en víti, þar sem hinir niðurlægðu, eða afbrota-mennirnir héldust við. Þetta er jafnt hugsanrétt, sem sálfræðislega rétt. Myndir af himni eða alsælustað, sem víti eða alvansælustað, eru yfirleitt vanhugsaðar og villandi. [Niðurl.]

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakyrkjuna, á suðausturborninu á Sherbrooke og Sargent strætum, Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.